



SKOÐUN Sóley Tómasdóttir segir að til þess að fagna fjölbreytileika þurfi að þekkja hann og skilja. **12**



LÍFIÐ Aron Már Ólafsson leitar að verðmætum Pokémon-spilum. **30**



SPORT Keilisfólk var ósigrandi á sveitakeppni fyrstu deildar í golfi. **26**



THE MORE YOU USE IT THE BETTER IT LOOKS

50 1964-2014
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

11. ágúst 2014
186. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Stórmerkileg fæðing

Íslendingur eignaðist eineggja þrjú ára aðfaranótt sunnudags. **2**
Erdogan verður forseti Úrslit kosninganna í Tyrklandi formlega kunnngjörð í dag en Erdogan var með flest atkvæðanna í gær. **4**
Föst á Sinjar-fjalli Mörg þúsund Jasídar sitja fastir matar- og vatnslausir á Sinjar-fjalli í herkví IS-liða. **6**
Koma allir til greina Val í stöðu seðlabankastjóra stendur á milli þriggja manna. **8**

Tchenguiz íhugar að stefna Kaupþingi

Kaupþýslumaðurinn Vincent Tchenguiz hefur fengið óháð teymi lögfræðinga til að skoða hvort grundvöllur sé fyrir hann að höfða mál á hendur Kaupþingi. Ástæðan er rannsókn bresku efnahagsbrotadeildarinnar á viðskiptum hans við bankann.

DÓMSMÁL Kaupþýslumaðurinn Vincent Tchenguiz, sem breska efnahagsbrotadeildin, SFO, var með til rannsóknar vegna viðskipta hans við íslenska bankann Kaupþing, hefur fengið leyfi dómara til að láta óháð teymi lögfræðinga fara yfir öll skjöl sem tengdust málinu til að athuga hvort grundvöllur sé fyrir því að hann fari í mál vegna misbresta á rannsókninni.



VINCENT TCHENGUIZ.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur lögfræðingateymið þegar hafið störf og skoðar nú hvort grundvöllur sé fyrir málshöfðun og þá gegn hverjum. Bæði mun teymið hafa til skoðunar að höfða einkamál sem og hvort krefjast skuli opinberrar rannsóknar.

Heimildarmenn tengdir Tchenguiz herma að sér í lagi sé athugað

hvort grundvöllur sé fyrir málshöfðun á hendur þrotabúi Kaupþings, sem og á hendur endurskoðunar fyrirtækinu Grant Thornton í Bretlandi, sem ráðið hafði verið sem ráðgjafi og rannsakandi fyrir þrotabúið. Starfsmenn Grant Thornton töldu að gögn sýndu að félög í eigu Vincents hefðu lagt fram falsaða pappíra þegar þau fengu lán frá Kaupþingi. Meðal annars á grundvelli þessara gagna var Tchenguiz handtekinn í mars árið 2011 ásamt því sem húsléit var gerð á heimili hans og skrifstofum. Málið var fellt

→ Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur lögfræðingateymið þegar hafið störf og skoðar nú hvort grundvöllur sé fyrir málshöfðun og þá gegn hverjum.

niður vegna mistaka við rannsóknina sem breskur dómari gagnrýndi harðlega og sagðist aldrei hafa „kynnst öðru eins“. SFO gerði samkomulag við Tchenguiz á dögum og samþykkti að greiða honum þrjár milljónir sterlingspunda á dögum vegna rannsóknarinnar. Bróðir Vincents, Robert Tchenguiz, var einnig til rannsóknar og hefur líka samið við SFO um bætur. -fj



Á SLYSSTAÐ Íbúar í Teheran fylgjast með þegar brak vélarinnar er fjarlægð. NORDICPHOTOS/AFP

39 fórust í flugslysi í gær: Farþegaflugvél brotlenti í Íran

TEHERAN, AP Írönsk farþegaflugvél brotlenti stuttu eftir flugtak í gær með þeim afleiðingum að 39 manns fórust. Tíu farþegar lifðu slysið af. Hassan Rúhaní, forseti Írans, hefur vottað aðstandendum þeirra látnu virðingu sína og fyrirskipað rannsókn á slysinu. Vélín var smíðuð í Íran eftir til-tölulega lítið notaðri úkraínskrri hönnun. Öryggi í íranska flugiðnaðinum hefur oft verið gagnrýnt, sérstaklega í kjölfar alþjóðlegra viðskiptaþvingana gegn landinu. Ekki hefur enn verið upplýst hvað olli slysinu. -ba



Bolungarvík	10°	NA	6
Akureyri	10°	NA	5
Egilsstaðir	9°	N	7
Kirkjubæjarkl.	18°	NA	5
Reykjavík	16°	NA	5

Bjartviðri víða S- og SV-lands þegar líður á daginn og hiti 12-20 stig. Heldur svalara á N-hluta landsins og lítilsháttar úrkoma A-lands. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



SKÍÐAR NIÐUR FJÖLL Í SUMARFRÍINU Tómas Guðbjartsson, hjarta- og lungnaskurðlæknir er mikill fjallaáhugamaður en hann hefur tekið upp á því að renna sér á skíðum niður hin ýmsu fjöll. Hér er hann á ferðinni niður Kverkfjöll. MYND/ÓLAFUR MÁR BJÖRNSSON

Fjöllin á kafi í snjó í sumar: Skíðaði niður Herðubreið

FÓLK „Það er mjög óvenjulegt að geta skíðað niður þetta fjall í júlí en það var algjörlega snilldin við þetta,“ segir Tómas Guðbjartsson, hjarta- og lungnaskurðlæknir, sem renndi sér nýverið niður Herðubreið á skíðum en óvenju mikill snjór hefur verið í fjöllum á norðanverðu hálandinu í sumar.

Tómas var um tvær og hálf klukkustund að komast á fjallstíndinn en það tók hann ekki nema stundarfjórðung að skíða niður. „Það var ekki alveg heiðskirt en það var sól og frábært skyggi. Hlýtt veður olli þó grjóthruni í hamrabeltinu sem gerði gönguna varasama en það er hætta sem ég vissi af.“

- ka / sjá síðu 10

Skerða þarf réttindi eða hækka fjárveitingu, segir forstjóri Sjúkratrygginga: Stjórnin þurfi að taka af skarið

STJÓRNSÝSLA „Kjarni málsins er sá að stærsti hlutinn af þessari umframkeyrslu var fyrirséður í byrjun árs. Almennt séð er tvennt til ráða. Það er að skerða réttindagreiðslurnar eða að hækka fjárveitinguna,“ segir Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands.

Samkvæmt hálfársuppgjöri ríkissjóds hefur stofnunin farið fram úr gjaldaheimildum fjárlaga sem nemur rúmlega einum og hálfum milljarði króna.

„Hvort heldur þú horfir á réttindin eða fjárveitinguna, þá er það ríkisstjórnarinnar að taka af skarið með það,“ segir Steingrímur.

Um tíu stofnanir fóru rúmlega hundrað milljónir króna fram yfir gjaldaheimild á fyrri hluta árs. Í samantekt Fréttablaðsins um stöðu einstakra ráðuneyta kemur fram að útgjöld fimm ráðuneyta voru undir heimild þeirra á tímabilinu. Aftur á móti fóru útgjöld fjármála-, velferðar- og innanríkisráðuneyta fram úr heimild.

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis, segir það vonbrigði hvað sumar stofnanir hafa farið fram úr og að fjárlaganefnd hafi boðað þau ráðuneyti, þar sem áberandi mikillar framúrkeyrslu gæti, til fundar í næstu viku. -bá / sjá síðu 4



“Hvort heldur þú horfir á réttindin eða fjárveitinguna, þá er það ríkisstjórnarinnar að taka af skarið með það.”

Steingrímur Ari Arason
forstjóri Sjúkratrygginga Íslands.



Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

SPURNING DAGSINS



Gunnar, munu liðin vinna leiksigur?

„Já, ef það er nógu mikið í þau spurnið.“

Gunnar Smári Jóhannesson stendur fyrir Íslandsmeistaramóti í spunaleik sem fer fram á Rífi í lok mánaðar.

Suður-Kóreumenn vilja fjárfesta í eldflaugavarnarkerfi Ísraelsmanna til að tryggja varnir gegn nágrönnum sínum í norðri:

Vilja fá Járnhvelfinguna til Suður-Kóreu

SUÐUR-KÓREA Suður-kóresk yfirvöld hafa mikinn áhuga á að fjárfesta í ísraelska Iron Dome-eldflaugavarnarkerfinu að sögn framleiðanda þess, Rafael Advanced Defense Systems, í gær.

Iron Dome, sem mætti íslenska sem „Járnhvelfinguna“, notar fjarstýrðar eldflaugar til að granda Katyusha-flugskeytum sem eru mikið notuð af skæruleiðahreyfingum í Palestínu og Líbanon.

Árangurshlutfall kerfisins hefur verið um 90 prósent í átökunum sem nú standa yfir fyrir botni Miðjarðarhafs og hefur það aukið áhuga erlendra fjárfesta á kerfinu.

Formaður Rafael, Yedidia Yari, segir að áhuga suður-kóreskra yfirvalda megi rekja til hræðslu þeirra við flugskeyta- og eldflaugaárásir frá nágrönnum sínum í norðri.

Iron Dome hefur grandað á þriðja þúsund flugskeyta síðan átökin milli Ísraels og Palestínu hófust fyrir liðlega mánuði. Hver og ein varnarflaug kostar á bilinu 30 til 50 þúsund bandaríkjadali, næstum 6 milljónir króna.

ÁRANGURSRIK VÖRN Járnhvelfingin hefur grandað næstum níu af hverjum tíu eldflaugum sem skotið hefur verið á Ísrael undanfarnar vikur og mánuði.



EFTIR SPRENGINGUNA Talíbanar hafa sagst ætla að fjölga árásum sínum á öryggisveitir Afgana. Hersveitir Bandaríkjamanna og NATO stefna á að yfirgefa landið um næstu áramót.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Maður sprengdi sjálfan sig í höfuðborg Afganistans í gær:

Talíbanar gera á árás á NATO

KABÚL, AP Að minnsta kosti fjórir óbreyttir borgarar fórust og rúmlega 35 særðust í sjálfsmorðsárás í Kabúl, höfuðborg Afganistans, í gær. Talíbanar lýstu yfir ábyrgð á árásinni.

Árásarmaðurinn sprengdi sig í bíl sínum í grennd við brynvarða bíla á vegum Atlantshafsbandalagsins (NATO). Talsmenn NATO segja engan úr sínum röðum hafa særst í árásinni, sem er til rannsóknar hjá þeim.

„Við hörmum innilega mannfall afgönsku borgaranna vegna þessa sorglega atburðar,“ segir í yfirlýsingu NATO.

- b4

Björgun gekk greiðlega:

Leki í fiskibát

BJÖRGUN Leki kom að lítilli trillu sem stöðd var utan við Hólahlóla á Snæfellsnesi um fimmleitið í gær en einn maður var um borð í bátinum. Björgunarskipið Björg á Rífi var kallað út auk þess sem nærstaddir bátar sigldu á staðinn til aðstoðar. Þyrta Landhelgisgæslunnar var við æfingar skammt frá og var því einnig send til aðstoðar. Það liðu aðeins örfáar mínútur þar til aðstoð barst og því engin hætta lengur á ferðum. Björgunarskipið freistaði þess að bjarga bátinum en veður var ágætt á svæðinu.

- ka

Tveir fengu milljón í styrk:

26 fengu styrki

SAMFÉLAGSMÁL Alls fengu 26 verkefni styrk úr Samfélagssjóði Landsbankans í gær. Tvö verkefni hlutu hvort um sig eina milljón króna, átta verkefni 500 þúsund krónur hvert og loks fengu sextán verkefni 250 þúsund króna styrk. Í tilkynningu segir að um 400 umsóknir hafi borist sjóðnum en honum er ætlað að styðja við þá sem sinna mannúðar- og líknarmálum, menntamálum, rannsóknnum og vísindum, verkefnum á sviðum menningar og lista, forvarnar- og æskulýsstarfi og sér-tækri útgáfustarfsemi.

- jhh

Íslenskum eineggja þríburum heilsast vel

Íslenskur maður eignaðist með danskri konu sinni þríburadrengrum aðfaranótt sunnudags eftir náttúrulega þungun. Líkurnar á því að slíkt gerist eru einn á móti milljón. „Ég var stressaður þegar ég hélt að þetta væri eitt barn,“ segir faðirinn.

FÓLK „Læknarnir sögðu við okkur að þetta væri svo sjaldgæft að þeir gætu eiginlega ekki sagt neitt með vissu varðandi hættunna,“ segir Jóhann Helgi Heiðdal en hann eignaðist eineggja þríburadrengrum ásamt danskri konu sinni, Karin Kristensen, aðfaranótt sunnudags. „Það er erfitt að átta sig á þessu, við erum enn að melta þetta.“

Þríburarnir voru í sama æðabelgnum en hver í sínum líknarbelg og höfðu allir sömu fylgju.

Ekki var um tæknifrjövgun að ræða hjá parinu og því var þungunin náttúruleg. Líkurnar á því að þríburar verði til með þessum hætti eru um einn á móti hundrað milljónum samkvæmt tölum frá lækninum William Gilbert, forstjóra fæðingardeildar Sutter-spítala í Kaliforníu. Erfitt er þó að ákvarða líkurnar nákvæmlega.

Meðgangin gekk vel en eftir að í ljós kom að Karin gengi með eineggja þríbura sem deildu sömu fylgju fóru þau í vikulega skoðun. „Þetta var svolítið sjokkerandi,“ viðurkennir hinn nýbakaði faðir og hlær. „Ég var stressaður þegar ég hélt að þetta væri eitt barn og svo fórum við í sónar og þá kemur bara í ljós að við eigum von á þremur. Fram að 28. viku vorum við mjög stressuð en eftir það róuðumst við aðeins.“

Drengirnir þrír fæddust eftir tæplega 31 viku meðgöngu.

„Þetta gerðist gríðarlega hratt. Hún missir vatnið og hríðirnar byrja mjög sterkt. En öllum heilsast mjög vel núna, bæði móður og börnum.“



SMÁIR Þríburarnir eru smáir eins og sjá má. Sá stærsti fæddist sjö merkur, sá næststærsti sex og sá minnsti fimm og hálf mörk. Þeim heilsast vel þrátt fyrir smæðina.

MYND/ÚR EINKASAFNI

„Þetta er stórmerkilegt,“ segir nýburalæknirinn Þórður Þórkels-son. „Þetta er í fyrsta skipti sem ég heyri um þetta þegar Íslendingar eru annars vegar.“ Þórður segir aukna hættu á vandamálum á meðgöngunni þegar fóstur deila sömu fylgju og sama æðabelg. Til að mynda geta komið upp kvillar í kjölfar þess að meira af næringu og blóðflæði fari til eins fóstursins en hinna.

Fjölskyldan dvelst enn á spítala en fær að fara heim eftir mánuð ef allt gengur vel.

„Þetta er stórmerkilegt.“

Þórður Þórkelsson nýburalæknir.

Amma drengjanna þriggja, Brynja Siguróladóttir, segist hafa grátið af gleði í allan gærðag. „Það var talið að þetta gæti ekki gengið og þeim ráðlagt í upphafi að láta eitt fara en þau gátu ekki hugsað sér það. Þeir pluma sig vel, þessir strákar, það er alveg ljóst.“

nanna@frettabladid.is

Viðbrögð Norðmanna við viðskiptabanni Rússa gætu haft áhrif hér á landi:

Útflytjendur orðnir uggandi

SJÁVARÚTVEGUR Viðskiptabann Rússa á Norðmenn gæti haft mikil áhrif á íslensk fyrirtæki í fiskframleiðslu og útflutningi á fiski. Þetta segir Jón Steinn Elfásson, formaður Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda.

Ísland er sem kunnugt er ekki á viðskiptabannlista Rússa sem þeir gáfu út fyrir nokkrum dögum gagnvart nokkrum þjóðum í refsiskyni vegna stuðnings við Úkraínustjórn.

Norðmenn munu vegna bannsins stefna að því að verða mjög fyrirferðarmiklir á öðrum mörkuðum í Evrópu sem íslenskir seljendur eru á, aðallega í sölu eldislax og þorsks. Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda (SFU) eru þau stærstu hér á landi í fiskvinnslu og sölu án útgerðar. Að þeim eiga um fjóru-tíu fyrirtæki aðild, mest millistór fyrirtæki. Staðan er tvísýn fyrir þessi fyrirtæki, sagði Jón Steinn, formaður SFU, í fréttum Stöðvar tvö í gærkvöldi.

Búist er við að Norðmenn auki sölu sína um 5 til 10 prósent og geta það orðið allt að 80 þúsund tonn



JÓN STEINN ELFÁSSON



ÁHRIFA GÆTIR VÍÐA Fiskútflýtjendur í Noregi og á Bretlandi eru þegar farnir að finna fyrir viðskiptabanni Rússa. af fiski sem fara á markað umfram það sem þeir selja vanalega. Norðmenn selja mikið af laxi auk þorsks en íslensku fyrirtækin selja bolfisk sem ódýr lax frá Noregi keppir við. Með auknum umsvifum Norðmanna á Evrópumarkaði getur ferskfiskmarkaður Íslendinga orðið illa úti en Jón segir erfitt að meta hvert tapið gæti orðið.

- lb

Fæst án lyfseðils. Lesið leiðbeiningar í fylgiseðli vandlega fyrir notkun.

Lyf & heilsa
við hlustum!



4G
LTE

1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 12 mán.
fylgir.

iPhone 5s 16GB

109.990 kr. stgr.

6.690 kr. /18 mán.



1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 3 mán.
fylgir.

iPhone 4s

59.990 kr. stgr.

3.690 kr. /18 mán.

INNEIGN Á SUMARIÐ HJÁ NOVA!

Ókeypis
heimsending
um allt land!
Á vefverslun
nova.is

0 kr.
Nova
í Nova

1.000 mínútur
500 SMS/MMS



4G
LTE

1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 12 mán.
fylgir.

Samsung Galaxy S5

109.990 kr. stgr.

6.690 kr. /18 mán.




4G
LTE

500 kr.
notkun eða
250 MB á mán.
í 6 mán.
fylgir.

Samsung Galaxy S4 Mini

54.990 kr. stgr.

4.990 kr. /12 mán.



4G
LTE

1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 6 mán.
fylgir.

LG G3

109.990 kr. stgr.

6.690 kr. /18 mán.



4G
LTE

1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 6 mán.
fylgir.

iPhone 5c 16GB

89.990 kr. stgr.

5.490 kr. /18 mán.

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringslunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkort + 325 kr./mán. greiðslugjald. Nánari upplýsingar á nova.is.

SVONA ERUM VIÐ



249 mörk hafa verið skoruð í Pepsi-deild karla

í knattspyrnu það sem af er sumri. FH, Stjarnan og Fjölnir hafa skorað flest eða 24 mörk hvert á meðan Framarar hafa skorað fæst eða 17 mörk.

HEIMILD: KSÍ.S

Tíu ára valdatíð forsætisráðherra Erdogan í Tyrklandi framlengist að öllum líkindum um fimm ár: Erdogan með flest atkvæði í forsetakjöri

TYRKLAND Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, var í gær með flest atkvæði í fyrstu beinu forsetakosningum landsins þegar 96 prósent atkvæða höfðu verið talin. Hann hafði þá hlotið rúmlega 52 prósent atkvæða. Engar formlegar niðurstöður verða kynntar fyrr en í dag.

Sigur Erdogans þýðir að tíu ára valdatíð hans lengist um fimm ár.

„Erdogan vann kosningarnar. Á morgun rís nýr dagur fyrir Tyrkland,“ sagði Huseyin Celik, starfandi formaður flokks Erdogans, Réttlætis- og þróunarflokkssins.

Þá hafði helsti andstæðingur Erdogans, Ek-meleddin Ihsanoglu, hlotið 38 prósent atkvæða og

Selahattin Demirtas 10 prósent. Kjöríð markar tímamót í tyrkneskri stjórnmálasögu þar sem þetta er í fyrsta sinn sem Tyrkir kjósa forseta sinn beinni lýðræðislegri kosningu.

Erdogan hefur látið í ljós þann vilja sinn að færa forsetaembættinu aukin völd en fram að þessu hefur forseti Tyrklands verið fremur valdalítill.

Andstæðingar Erdogans hafa gagnrýnt hann fyrir að sýna einræðisburði en fylgjendur hans segja hann hafa bjargað landinu úr kreppunni og gert Tyrkland að virtu landi þar sem hagsæld ríkir.

Erdogan hefur verið gagnrýndur fyrir að nota opinbera fjármuni í kosningaherferð sinni. -nej



STUÐNINGSMENN Stuðningsmenn Erdogans þakka honum fyrir að hafa bjargað Tyrklandi úr kreppunni. FRÉTTABLAÐIÐ/APP



BAUHAUS Í BOBBA Auglýsti lækkað verð á fölskum forsendum.

Tilboðsvara seld á fullu verði: Bauhaus sektað um hálf milljón

NEYTENDUR Neytendastofa hefur sektað Bauhaus vegna þess að fyrirtækið auglýsti vörur á lækkuðu verði án þess að hafa nokkurn tíma lækkað verð vörunnar. Sektin hljóðar upp á hálf milljón króna.

Vörurnar sem um ræðir eru leikjahús og sumarhús. Neytendastofa krafði Bauhaus um sannanir þess efnis að vörurnar hefðu verið seldar á verðinu sem tilgreint var sem fyrra verð. Bauhaus gat ekki fært sönnun á það og var bannað að viðhafa slíka viðskiptahætti. -nej

Morðmál til rannsóknar: Maður myrtur í Færeyjum

FÆREYJAR Dómstóll í Færeyjum dæmdi 23 ára karlmann í fjögurra vikna gæsluvarðhald í gær en hann er grunaður um morð á hinum 36 ára Hjalmar Holm í bænum Hvalba á Suðurey. 39 ára karlmaður var einnig handtekinn vegna málsins en honum var sleppt úr haldi í gær. Hinn látni hafði verið stunginn þrívægis í hálsinn og leiddu áverkarnir til dauða hans.

Morð eru afar fátíð í Færeyjum og því hefur færeyska lögreglan fengið dönsku lögregluna til þess að aðstoða við rannsókn málsins. Árið 2012 var Færeyingurinn Dánjal Petur Hansen myrtur en það var fyrsta morðið í 23 ár. -ka

Talsvert um framúrkeyrslu ríkisstofnana fyrri hluta árs

Formaður fjárlaganefndar segir það „vonbrigði“ hvað sumar stofnanir hafa farið mikið fram úr gjaldaheimildum sínum á fyrri hluta árs. Enn sé þó stefnt að hallalausum fjárlögum fyrir árið 2014. Útgjöld Landspítala, Sjúkratrygginga Íslands og Vegagerðarinnar fóru rúmlega einn og hálfan milljarð fram yfir heimild.

STJÓRNSÝSLA Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis, segir ákveðin atriði í skýrslu um fjárreiður ríkissjóðs á fyrri helmingi ársins koma á óvart. Um tíu stofnanir fóru rúmlega hundrad milljónir króna fram yfir heimild.

„Þetta eru vonbrigði, hvað sumar stofnanir eru að keyra fram úr,“ segir Vigdís. „En það eru fjórir mánuðir eftir af árinu og ég ætla ekki að fella neinn dóm. Það verður bara að sjá þegar upp er staðið hvernig þetta kemur út.“

Vigdís segir að með níu mánaða uppgjöri, sem út kemur í september, muni staðan skýrast betur. Sumar stofnanir geti þá verið búnar að laga rekstur sinn ef sértekjur eiga eftir að berast þeim á seinni hluta árs. Þó hefur fjárlaganefnd boðað til fundar

í næstu og þar næstu viku vegna stöðunnar.

„Við erum að fara að kalla til okkar ráðuneytin þar sem er áberandi mikil framúrkeyrsla,“ segir Vigdís. Hún nefnir Landspítala, Sjúkratryggingar Íslands og Vegagerðina í þessu samhengi, en útgjöld þessara þriggja stofnana námu öll rúmlega einum og hálfum milljarði meira en nam heimild fyrri hluta árs.

„Annað sem kemur á óvart er að Rannsóknarnefnd Alþingis skuli fara fram úr,“ segir hún, en útgjöld nefndarinnar fyrri hluta árs námu alls 106 milljónum. „Þegar sparisjóðsskýrslan kom út var okkur sagt að það væri loka-greiðslan.“

Hún segir markmið ríkisstjórnarinnar um



VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

Ráðuneytin sem standa best

Stofnanir hvers ráðuneytis sem mest fóru fram úr heimildum	Framúrkeyrsla í milljónum króna
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti: (2.916 m.kr. undir heimildum)	
Veðurstofa Íslands	123 m
Náttúrufræðistofnun	80 m
Aðalskrifstofa	37 m
Atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneyti: (849 m.kr. undir heimildum)	
Framkvæmdasjóður ferðamannastaða	508 m
Jöfnun flutningskostnaðar	100 m
Matvælarannsókn	100 m
Mennta- og menningarmálaráðuneyti: (2.703 m.kr. undir heimildum)	
Landbúnaðarháskóli Íslands	207 m
Landsbókasafn	106 m
Rannsóknarmiðstöð Íslands	73 m
Utanríkisráðuneyti: (1.035 m.kr. undir heimildum)	
Forsætisráðuneyti: (408 m.kr. undir heimildum)	



FRAM ÚR HEIMILDUM Útgjöld Landspítala fóru alls 1.685 milljónir króna fram yfir heimildir fjárlaga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hallalaus fjárlög fyrir árið enn raunhæft, þó til þess þurfi sameiginlegt átak kerfisins alls. „Við gefum ekki afslátt á því,“

segir Vigdís. „Þetta er bara eins og fyrirtæki. Innkoman verður að vera meiri á þessu ári en útgjöldin.“ bjarkia@frettabladid.is

Ráðuneytin sem fóru fram úr heimildum

Stofnanir hvers ráðuneytis sem mest fóru fram úr heimildum	Framúrkeyrsla í milljónum króna
Innanríkisráðuneyti: (1.608 m.kr. fram úr heimildum)	
Vegagerðin	1.663 m
Málskostnaður í opinberum málum	186 m
Sérstakur saksóknari	120 m
Velferðaráðuneyti: (1.397 m.kr. fram úr heimildum)	
Sjúkratryggingar	1.764 m
Landspítali	1.685 m
Sóltún	191 m
Fjármála- og efnahagsráðuneyti: (3.659 m.kr. fram úr heimildum)	
Fjármagnstekjuskattur	3.191 m
Lífeyrisskuldbindingar	1.615 m
Fasteignir ríkissjóðs	69 m

Ný bragðtegund með Camembert

Smurostar við öll tækifæri

Ný viðbót ...

- ... á ostabakkann
- ... á pítsuna
- ... í brauðréttinn eða á hrökkbrauðið

ms.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 34°	Friedrichshafen 21°	New York 28°
Apéna 34°	Gautaborg 20°	Orlando 32°
Basel 28°	Kaupmannahöfn 20°	Ósló 20°
Berlín 22°	Las Palmas 26°	París 21°
Billund 20°	London 21°	San Francisco 20°
Frankfurt 22°	Mallorca 35°	Stokkhólmur 22°

Á MORGUN
5-10m/s, N- eða NA-læg átt

MÍÐVIKUDAGUR
Minnkandi N-átt, víða hæg breytileg S- og N-lands.

Vordís Eiríksdóttir veðurfréttamaður

SÓLRÍKT NÆSTU DAGA á S- og V-landi og mun hiti ná allt að 20 stigum í innsvæitum S-lands í dag. Svalara á N-hluta landsins og kólnar órlítið næstu daga. Yfirleitt úrkomulítið á landinu en þó stöku skúrir A-lands og um tíma NA- og SA-lands.

Auglýsingaábyrgðingur FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonlaf@frettabladid.is. ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is. FÓLK OG SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kkolbeins@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNIS: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is. RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is. PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

BÁTUR DAGSINS

MÁNUDAGAR
Sterkur ítalskur

Aðeins
549kr

Subway kynnir bát dagsins.

7 mismunandi bátar alla daga vikunnar, allan ágúst á 549 kr.



MÁNUDAGAR
Sterkur ítalskur



ÞRIÐJUDAGAR
Kalkúnsbringa
og skinka



MIDVIKUDAGAR
Pizzabátur



FIMMTUDAGAR
Skinkubátur



FÖSTUDAGAR
Túnfiskbátur



LAUGARDAGAR
Ítalskur BMT



SUNNUDAGAR
Kjúklingabringa

SUBWAY
Ferskleiki er okkar bragð.™

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað stríða mörg prósent þjóðarinnar við heyrnarskerðingu?
2. Hvert er listamannsnafn Ojay Morgan sem dvelur hér á landi?
3. Hvenær verður dæmt í máli Oscars Pistoriousar?

SVÖR

1. 19% 2. Ojay Morgan 3. 19. ágúst 2014

Gengi krónu breytist lítið: Krónan stöðug á þessu ári

EFNAHAGSMÁL Krónan stóð áfram óhöggð í júlímánuði. Í lok mánaðarins var gengi krónunnar 154,2 á móti evru í samanburði við 154,5 í lok júní. Í Hagsjá Landsbankans kemur fram að krónan hefur haldið sér nokkurn veginn í kringum 155 á móti evru sex mánuði í röð.

Krónan veiktist lítillega á móti Bandaríkjadal og stóð í 115,2 í lok mánaðar, sem er um 2 prósent veiking milli mánaða. Gengisvísitalan hækkaði um 0,4 prósent. Í mánuðinum tilkynnti SÍ að bankinn hygðist auka regluleg gjaldryriskaup.

-jhh



FYRIR KRAKKANA Raggagarður er kallaður fjölskyldugarður Vestfjarða og þekktur áningarstaður ferðamanna í Súðavík.

Súðavíkurheppur leggur lið: Hálf milljón fer til Raggagarðs

SÚÐAVÍK Sveitarstjórn Súðavíkurhepps taldi brýnt að leggja Raggagarði lið í lokafasa framkvæmdanna sem eiga sér stað við garðinn. Því var ákveðið að verða við erindi Vilborgar Arnarsdóttur, stjórnanda Raggagarðs í Súðavík, og styrkja framkvæmdirnar um hálfra milljón króna. Þetta gerir aðstandendum Raggagarðs kleift að ljúka við framkvæmdirnar fyrir tíu ára afmæli garðsins á næsta ári.

Pétur G. Markan sveitarstjóra var falið að vinna að útfærslu styrksins í samráði við stjórn Raggagarðs en frá þessu var greint á bb.is í gærdeg.

-nej

Ísrælsmenn neita að semja á meðan Hamas sendir enn eldflaugar frá Gasasvæðinu:

Samþykktu loksins þriggja daga vopnahlé

GASA Bæði Ísraelar og Hamas-liðar samþykktu í gær þriggja sólarhringa vopnahlé sem gerir samningaviðræður milli hinna stríðandi fylkinga mögulegar. Vopnahléið hefst á miðnætti að staðartíma.

Þetta fékk CNN-fréttastofan staðfest frá báðum hliðum.

Átökin hafa staðið yfir í rúman mánuð og hafa Ísrælsmenn ekki viljað fara inn í samningaviðræður á meðan þeir mega enn búast við eldflaugum frá Gasasvæðinu. Ísraelar hafa mætt eldflaugaárásum

Hamas-liða af fullri hörku síðastliðna daga sem hefur veikt vonina um að hægt sé að koma á vopnahléi.

Í síðustu viku gengu samningamenn Ísraela frá borðinu. „Við semjum ekki á meðan við þurfum að verja okkur,“ sagði Moshe Ya'alon, varnarmálaráðgjafi Ísraels, í gær.

Palestínúmenn segja að ef Ísrælsmenn hefji ekki samningaviðræður við þá á ný að þá hverfi Palestína einnig frá viðræðunum. „Við létum egypsku sáttanefndina hafa

kröfur okkar fyrir viku. Við höfum ekki enn fengið svör,“ sagði Izzat Al-Risheq, palestínskur samningamaður.

„Við snúum ekki aftur í óbreytt ástand,“ sagði í tilkynningu á vefsíðu Hamas-samtakanna. „Við veitum mótstöðu áfram og munum ekki hætta að berjast fyrir kröfum okkar fólks.“

-nej

SORG Móðir ellefu ára palestínsks drengs sem lést í árásum Ísraelsmanna grét sáran í jarðarför hans í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



Um tuttugu þúsund komust af Sinjar-fjalli

Um tuttugu þúsund komust af Sinjar-fjalli

Jasídaættbálkurinn situr fastur í herkví vígamanna úr Íslömsku ríki. Hundruð hafa látið lífið, konur hnepptar í þrældóm og börn deyja úr þorsta. Þó komust tuttugu þúsund þeirra af fjallinu í gær. Barack Obama lofar neyðaraðstoð.

ÍRAK Talið er að um tuttugu þúsund manns af ættbálki Jasída hafi komist niður af Sinjar-fjalli í gærdeg en Sameinuðu þjóðirnar áætluðu í síðustu viku að um fimmtíu þúsund manns sætu þar föst í herkví öfgamanna í samtökunum Íslamskt ríki. (ÍS)

Ís-liðar réðust inn á landsvæði hinna kristnu Jasída í fjöllumum í síðustu viku og ættbálkurinn flúði af ótta við að verða drepinn en ekki komust allir undan. Talið er að hundruð manna hafi verið drepin nú þegar, konur hafi verið hnepptar í þrældóm og tugir barna látist úr þorsta.

„Við heyrðum í sprengjuvörpum morguninn sem þeir [herskáu íslamistarnir] komu á Sinjar-fjall,“ segir Zahra Jardo, Jasíðakona, í samtali við Reuters. „Þannig að við flúðum til fjalla og þeir sem þar eru þjást af miklum þorsta. Það er ekkert vatn. Þeir tóku líka stúlkur og nauðguðu þeim. Þeir segja að Jasíðar verði að snúast til íslamstrúar.“

Þeir sem ekki komast af fjallinu hafa úr tveimur jafn slæmum kostum að velja: Annars vegar deyja úr þorsta eða hungri á fjallinum þar sem ÍS leyfir ekki að þangað séu fluttar nauðpurftir eða koma niður af fjallinu og verða slátrað af herflokknum sem ferðast um landið allt og þvingar kristin samfélög til þess að taka upp íslamstrú eða láta lífið ella.

Bandaríkjamönnum hefur fimm sinnum tekist að sleppa matarpökkum til ættbálksins síðan á fimmtudag en talið er að tuttugu slíkar ferðir þyrfti til þess að halda þeim þúsundum einstaklinga, sem fast-



SLOPPIN Þessir Jasíðar komust úr herkvínni eftir undankomuleið Kúrda og fengu að fara til Sýrlands.

NORDICPHOTOS/GETTY

→ Þeir tóku líka stúlkur og nauðguðu þeim. Þeir segja að Jasíðar verði að snúast til íslamstrúar.

ir eru á fjallinu, á lífi í viku. Barack Obama, forseti Bandaríkjaanna, hefur lofað að koma fólkinu til aðstoðar með einhverjum hætti en viðurkennir að erfitt sé að koma upp öruggum undankomuleiðum af fjallinu.

Bandarískar orrustuþotur hafa varpað sprengjum á meðlimi ÍS síðan á laugardag en landhernaður kemur þó ekki til greina að sögn forsetans.

nanna@frettabladid.is



FÁ EKKI VATN Margir þeirra sem komust niður af fjallinu eru aðframkomnir af þorsta og hungri.

NORDICPHOTOS/GETTY



BIÐJA Munkar í Vatíkáninu báðu í gær fyrir þeim sem hafa látist af völdum ebólu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Grípa til örþrifaráða:

Landamærum lokað út af ebólu

AFRÍKA Ríki í Vestur-Afríku hafa gripið til örþrifaráða í tilraunum sínum til þess að hefta frekari útbreiðslu ebólu.

Landamærum Gíneu og Sierra Leone hefur nú verið lokað. Á sama tíma hafa yfirvöld í Zamibíu bannað fólki inngöngu í landið sem ferðast frá löndum þar sem e-bóla hefur gert vart við sig.

Sjúkdómurinn er bráðsmitandi og heldur áfram að dreifast hratt frá upptökum sínum í Sierra Leone til nálægna landa.

Að minnsta kosti 960 einstaklingar hafa látið lífið vegna vírusins í Vestur-Afríku.

-nej

Kviknaði í Kebab grilli:

Eldur í grilli í Lækjargötu

BRUNI Eldur kviknaði í veitingastaðnum Kebab grilli við Lækjargötu um tvöleystið í gær og var slökkviliðið kallað út. Eldurinn hafði kviknað út frá grilli veitingastaðarins en þegar slökkviliðið bar að garði höfðu starfsmenn þegar slökkt eldinn sjálfir með slökkvitækjum.

Þó nokkurn reykt lagði frá staðnum og vann slökkviliðið því að því að reykraesta staðinn og var Lækjargata lokað um tíma. Skemmdir urðu ekki miklar.

-ka

Fiskidagurinn mikli á Dalvík var haldinn í fjórtánda sinn um helgina:

Frábærir Fiskidagar á Dalvík

FÓLK „Þetta gekk alveg framar vonum, það er eiginlega ekki hægt að lýsa þessu fyrir þeim sem ekki voru á staðnum,“ segir Júlíus Júlíusson, framkvæmdastjóri Fiskidagsins mikla á Dalvík. Júlíus telur að gestir Fiskidagsins hafi verið álíka margir í ár og í fyrra en þá sóttu 26 þúsund manns hátíðina.

Veðrið var með besta móti á sjálfum Fiskideginum en örtil rigning lét á sér kræla á föstudaginn. „Á súpukvöldinu okkar á föstudaginn var veðrið örtiltið hryssingslegt en á laugardaginn kom Fiskidagsveðrið svokallaða, fjórtánda árið í röð, þar sem hlýtt var og sólin lét sjá sig.“ Júlíus segir margt hafa staðið upp úr um helgina. „Við heimsfrumsýndum neðansjávarmyndbönd sem vöktu mikla athygli og leyfðum fólki að smakka það allra nýjasta á matseðlinum, fiskipylsur eða filsur, sem slógu alveg í gegn og eru komnar til þess að vera á Fiskideginum. En það sem stendur eiginlega allra mest upp úr er að á hverju ári náum við að búa til fjölskylduhátíð yfir daginn þar sem ekki sést vín á nokkrum manni og við erum einstaklega stolt af því.“

Hann segir svo tónleikana á laugardagskvöldinu



NÓG AÐ SMAKKA Gestir hátíðarinnar fóru tæpast svangir heim á laugardaginn. Þessi ungi herramaður gæddi sér á veitingum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

hafa toppað allt en þar tróðu Dalvíkingarnir Eyþór Ingi, Matti Matt og Friðrik Ómar meðal annars upp. Lokahnykkur hátíðarinnar var svo heljarinnar flugeldasýning sem vakti mikla lukku meðal gesta.

-ka

LIEBHERR
Quality, Design and Innovation

25%
afsláttur

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



SKRÁÐU ÞIG Á
PÓSTLISTANN
OG ÞÚ GÆTIR
UNNIÐ 100.000 KR.
GJAFABRÉF
DREGIÐ 30. ÁGÚST '14

BÍÐUR NÝR FRAMI EFTIR ÞÉR?



Exchange

Windows Server 2012

NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF FIMMTUDAGINN 21. ÁGÚST KL. 17.30

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

www.promennt.is

FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

Stígðu þín fyrstu skref í tækniheiminum! Geysilega öflug námsbraut í kerfisstjórnun, aðeins í boði hjá Promennt. Framabraut – Kerfisstjórnun er unnin í samstarfi við Microsoft og var námsbrautin sett upp í samvinnu við mörg af stærstu upplýsingatæknifyrirtækjum á Íslandi með þarfir þeirra í huga.

HLÝTUR ÞÚ NÁMSSTYRK
SEM NEMUR ALLT AÐ
150.000 kr.?
Nánar á promennt.is

► AF HVERJU FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN?

Mikil eftirspurn er eftir fólki með sérfræðimenntun og sérfræðipækkingu í upplýsingatækni um þessar mundir og leita íslensk fyrirtæki í sívaxandi mæli eftir starfsfólki í nemendahópi Promennt. Til þess að gera fólki kleift að kynnast þessum spennandi markaði bjóðum við upp á geysilega öfluga tveggja anna námsbraut í kerfisstjórnun sem samanstendur af 7 námseiningum (alls 520 kennslustundir). Með þessu námi er hægt að byrja alveg á byrjuninni og byggja upp góða undirstöðu og grunn fyrir mjög kröfuharðar námseiningar sem á eftir koma. Að loknu námi á Framabraut – Kerfisstjórnun eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er sérlega mikilvægt að hafa í fartaskinu þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum.

► FYRIR HVERJA?

Um er ræða mjög gagnlega og áhugaverða námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að ná frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein. Námið er því upplagt fyrir byrjendur í upplýsingatækni þar sem hvorki er krafist reynslu né annarrar menntunar á sviði upplýsingatækni.

► FJÁRMÖGNUN

Ýmsar leiðir eru í boði til fjármögnunar á námsbrautinni (m.a. raðgreiðslur, styrkir frá stéttarfélögum, styrkir fyrir atvinnuleitendur o.fl.). Við hvetjum alla sem hafa áhuga að hafa samband við okkur og við aðstoðum hvern fyrir sig við að finna bestu fjármögnunarleiðina.

”Þessi námsbraut lítur virkilega vel út. Hún tekur á nær öllum þáttum daglegs starfs kerfisstjóra hjá miðlungsstóru fyrirtæki og upp úr. Ég man ekki eftir að hafa séð svona heilstætt og markvisst kerfisstjórnánám áður. Þetta nám er hvernig krónu virði fyrir þá sem vilja verða góðir IT kerfisstjórar og þeir sem taka prófin eru komnir með menntun og hæfni sem er alþjóðlega viðurkennd.”

Bergþór Hauksson, Segment product owner in production hjá CCP og fyrrum forstöðumaður upplýsingatæknisviðs hjá Sjóvá.

Skráning fer fram á vefnum okkar, www.promennt.is, og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

► VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

Undirbúningur: Námstækni með MindJet 12 std.

1. hluti: Tölvuviðgerðir A+ 50 std.
2. hluti: Network+ 50 std.
3. hluti: CCNA (Cisco Certified Network Associate) 126 std.
4. hluti: Virtualization 10 std.
5. hluti: MCSA (áður MCITP) 180 std.
6. hluti: Exchange 2013 50 std.
7. hluti: Verkefnadagar/lokaverkefni seinni annar 42 std.

Hefst: 1. sept. (síðdegishópur) og 2. sept. (kvöldhópur) 2014

Lýkur: 8. júní (síðdegishópur) 9. júní (kvöldhópur) 2015

Námskynning og ráðgjöf fimmtudaginn 22. ágúst kl. 17.30

Verð án prófa **799.000 kr.**

Verð með 8 alþjóðlegum prófum: **999.000 kr.**

”Þegar ég lauk náminu fékk ég strax vinnu. Námið var gífullega skemmtilegt og krefjandi. Kennararnir eru allt toppfólk úr bransanum, gríðarlegir viskubrunnar og mjög gott að nálgast þá til að fá aðstoð.”
Magnús Gylfi Hilmarsson,
(Framabraut – Kerfisstjórnun, lauk námi vor 2013)



Gæðavottun
fræðsluáðila



Promennt er eini
Microsoft-vottaði
skólinn á Íslandi



Hjá Promennt er
einnig boðið upp á
fjarkennslu í beinni



Hjá Promennt er
boðið upp á dag-
og kvöldnám

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • promennt.is

PROMENNT

Friðrik Már Baldursson



Friðrik Már Baldursson fæddist árið 1957. Hann lauk B.Sc.-prófi í stærðfræði og stærðfræðilegri tölfærð frá Háskólanum í Gautaborg árið 1982. Árið 1985 lauk hann við Ph.D.-gráðu í tölfærð og hagnýtri líkindafræði frá Columbia-háskóla. Eftir það var hann lektor við Columbia til ársins 1988. Þá flutti Friðrik heim til Íslands og vann hjá Þjóðhagsstofnun árin 1988-1999. Síðasta árið þar var hann settur forstjóri. Árið 1994 lauk Friðrik Már M.Sc.-prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands. Friðrik hefur unnið við fræðistörf og kennslu allt frá árinu 1999, bæði við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Friðrik hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir íslensk stjórnvöld. Hann hefur meðal annars verið varamaður og aðalmaður í bankaráði Seðlabankans og leiddi samningaviðræður við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn fyrir Íslands hönd árið 2008.

Már Guðmundsson



Már Guðmundsson, núverandi seðlabankastjóri, er fæddur árið 1954. Hann lauk BA-gráðu í hagfræði frá háskólanum í Essex í Englandi árið 1979. Árið 1980 lauk hann svo M.Phil.-gráðu í hagfræði frá háskólanum í Cambridge í Englandi. Már var hagfræðingur í Seðlabanka Íslands allt til ársins 1988. Það ár varð Ólafur Ragnar Grímsson fjármálaráðherra og réð Má sem efnahagsráðgjafa sinn. Már starfaði fyrir ráðherra allt til ársins 1991. Það ár var hann ráðinn forstöðumaður hagfræðisviðs Seðlabanka Íslands og gegndi því starfi til ársins 1994, þegar hann varð aðalhogfræðingur Seðlabankans. Hann var aðalhogfræðingur til ársins 2004. Már varð síðar aðstoðarframkvæmdastjóri peningamála- og hagfræðisviðs Alþjóðagreiðslubankans í Basel. Hann gegndi því starfi allt þar til hann varð skipaður seðlabankastjóri á Íslandi sumarið 2009.

Ragnar Árnason



Ragnar Árnason er fæddur 1949. Hann lauk Cand.Oecon.-prófi í hagfræði og BA-prófi í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands árið 1974. Hann lauk svo M.Sc.-prófi í hagfræði frá London School of Economics árið 1975 og M.Sc. í hagrannsóknunum frá sama skóla tveimur árum seinna. Hann lauk Ph.D.-prófi frá Háskólanum í Bresku-Kólumbíu í Vancouver í Kanada árið 1984 með áherslu á auðlindahagfræði. Hann var stundakennari við sama háskóla á árunum 1977-1980. Hann var líka hagfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun á árunum 1974-1977. Hann hefur verið prófessor í auðlindahagfræði við Háskóla Íslands frá 1989 en var fyrst ráðinn lektor við deildina árið 1980. Ragnar hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir stjórnvöld. Hann situr í bankaráði Seðlabanka Íslands. Hann var einnig skipaður formaður ráðgjafaráðs fjármála- og efnahagsráðherra fyrir ári.



Á ÁRSFUNDI SEÐLABANKA ÍSLANDS
Það er Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sem skipar seðlabankastjóra.
FRÉTTABLAÐIÐ/
VILHELM.

Bitbein í bankanum

Fjármálaráðherra þarf að skipa í stöðu seðlabankastjóra fyrir 20. ágúst. Þeir Már Guðmundsson, Ragnar Árnason og Friðrik Már Baldursson koma allir til greina.

Búist er við því að Seðlabankastjóri verði skipaður í vikunni, jafnvel í dag. Ekki er víst að sátt verði á meðal stjórnmálamanna um skipanina. Már Guðmundsson var skipaður til fimm ára þann 20. ágúst 2009, í ríkisstjórnartíð Samfylkingarinnar og Vinstri grænna. Hann tók við af Norðmanninum Svein Harald Øygard, sem hafði verið settur tímabundið eftir að lögum um Seðlabanka Íslands var breytt fyrir á sama ári. Ein af helstu breytingum í nýju lögum um var að seðlabankastjórum var fækkað úr þremur í einn. Þar með varð ljóst að Davíð Oddsson, Eiríkur Guðnason og Ingimundur Friðriksson myndu ekki gegna stöðum seðlabankastjóra lengur.

Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks tók við í fyrravor og frá þeim tíma hefur á köflum gætt þirringa hjá stjórninni í garð núverandi seðlabankastjóra. Þessi þirringur var bersýnilegur á Viðskiptaþingi þann 12. febrúar síðastliðinn, sama dag og Seðlabankinn birti greiningu á efnahagslegum áhrifum skuldaleiðréttingarinnar. „Það er út af fyrir sig áhugaverð forgangsröðun að Seðlabankinn skuli leggja mikla vinnu í slíka greiningu óumbeðinn, á meðan ríkisstjórn Íslands bíður enn eftir greiningu á greiðsluöfnuði Íslands sem óskað var eftir fyrir nokkru síðan,“ sagði Sigmondur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra í ræðu á þinginu.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, tilkynnti síðar í febrúar að staða seðlabankastjóra yrði auglýst að nýju. Bjarni rökstuddi ákvörðunina með því að hann vildi endurskoða þær breytingar sem gerðar voru á lögum um Seðlabanka Íslands í febrúar 2009 og fleiri þætti er varða lög um Seðlabanka Íslands. Staðan yrði auglýst að nýju, samhliða þessum breytingum. Nefnd var skipuð til þess að móta tillögur að breytingunum en þær tillögur hafa ekki verið gerðar opinberar. Af þeim tíu, sem sóttu um stöðuna, þóttu þeir Már Guðmundsson, Friðrik Már Baldursson og Ragnar Árnason vera hæfastir.

jonhakon@frettabladid.is



HVAÐ FER MIKIL ORKA Í AÐ HALDA MJÓLKINNI KALDRI?

Prófaðu reiknivélina á www.on.is og sjáðu hvað ísskápurinn, frystikistan og önnur eldhústæki nota mikið rafmagn.

Við erum heppin að náttúran skuli sjá okkur fyrir meira en nóg af orku til að létta okkur lífið svo um munar. Forsenda þess að við getum farið vel með auðlindirnar og lækkað kostnað er að vita hvað er í gangi og hversu mikla orku raftækin nota

að staðaldrí. Á on.is er handhæg reiknivél sem auðveldar þér að sundurliða orkunotkun heimilisins og meta kostnaðinn í heild og við einstaka þætti.

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna á samkeppnishæfu verði. Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

ORKA NÁTTÚRUNNAR

Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

on
ORKA NÁTTÚRUNNAR

**SPARAÐU
VASKINN***

MANO 865.700,-

689.800,-**

Sparaðu virðisaukaskattinn. Fram til 31. ágúst gefum við afslátt sem nemur virðisaukaskattinum á öllum okkar eldhúslínum. Við gefum aftur á móti engan afslátt af faglegri ráðgjöf, svo nú er um að gera að líta við hjá okkur og fá drauminn uppfylltann, á lægra verði.

Kvik Reykjavík: Suðurlandsbraut 16, 108 Reykjavík, sími 5880500


kvik ®
allir eiga að geta eignast flott eldhús

* Tilboðið gildir við kaup á eldhúsmínningu fyrir að lágmarki 500.000, fyrir utan heimilistæki, samsetningu og uppsetningu. Tilboðið gildir t.o.m. 31. ágúst 2014 og má ekki samnýta öðrum tilboðum
** Leiðbeinandi útsöluverð er fyrir skápa, sökkla og boröplötu. Fyrir utan vask, blöndunartæki, heimilistæki og lýsingu.



ÚR KVERKFJÖLLUM Hér sést Tómas á fleygiferð niður Kverkfjöllin en í baksýn má sjá Dyngjujúkul.

MYND/ÓLAFUR MÁR BJÖRNSSON



Á TOPPI HERÐUBREIÐAR Hér sjást Kverkfjöll og Herðubreiðartögl í baksýn.



„SELFIE“ Á TOPPNUM Tómas var einn á ferð þegar hann fór upp Herðubreið og því engin önnur leið en að taka eina góða „selfie“ á toppnum.

Fór á skíðum niður Herðubreið

Tómas Guðbjartsson, hjarta- og lungnaskurðlæknir, renndi sér á skíðum niður Herðubreið í sumar en afar mikill snjór hefur verið í fjöllum á norðanverðu hálendinu í júlí. Tómas segir það færast í aukanna að skíða niður hin ýmsu fjöll og kallar þetta nýjasta æðið á Íslandi.

FÓLK „Það er mjög óvenjulegt að geta skíðað niður þetta fjall, ekki síst í júlí en það var einmitt snilldin við þetta,“ segir Tómas Guðbjartsson, hjarta- og lungnaskurðlæknir, sem renndi sér nýverið niður Herðubreið á skíðum en óvenju mikill snjór hefur verið í fjöllum á norðanverðu hálendinu í sumar.

Þetta var í fimmtánda sinn sem Tómas gekk á Herðubreið en segir að þessi ferð hafi verið sú allra eftirminnilegasta enda löng

og brött brekka niður fjallið. „Það var hópur frá Fjallafélaginu sem hafði gengið á fjallið helgina á undan og þau sögðu mér að þarna væri mikill snjór. Ég var með fjallaskíðin í bílnum og gat ekki hætt að hugsa um þetta, enda lengi dreymt um að skíða þarna niður. Síðan plataði ég konuna til þess að keyra með mér að rótum fjallsins,“ segir Tómas, sem var um tvo og hálfan tíma að komast upp á topp með fjallaleiðsögumaður á bakinu. Tómas kveðst ekki vera

sá fyrsti til þess að skíða niður Herðubreið en þó hafi ekki mjög margir látið á þetta reyna. Veðrið var gott á leiðinni og það tók Tómas ekki nema um korter að renna sér niður. „Það var ekki alveg heiðskirt en það var sól og frábært skyggni. Hlýtt veður olli þó grjóthruni í hamrabeltinu sem gerði gönguna varasama en það er hættu sem ég vissi af.“

Tómas er mikill fjallgöngumaður en hann starfaði sem fjallaleiðsögumaður á meðan hann var í

læknanámi. Hann segir frábært að geta sameinað fjallgönguna og skíðaá hugann. „Mér finnst alveg magnað að geta þróað þarna upp og farið niður á skíðunum. Þetta er svolítið nýja æðið í fjallamennsku á Íslandi og sem betur fer eru sífellt fleiri að uppgötva fjallaskíðin. Í rauninni fara skíðin miklu betur með líkamann og þá sérstaklega hnjáliðina. Uppgangur er auðveldur en mest munar um minna álag á hnén, þegar gengið er aftur niður.“

Tómas lét ferðina á Herðubreið þó ekki nægja í sumar. „Þetta er annað sumarið í röð sem ég er með skíðin í bílnum á ferðalagi um landið. Ég skíðaði með Ólafi Má Björnssyni augnlækni niður Kverkfjöllin í sumar og svo skelltum við okkur einnig niður Birnuldalstind í sunnanverðum Vatnajökli. Svo fór ég á gönguskiðum inn í Öskju að skoða hamfara-hlaupið svo sumarfríð mitt var í rauninni skíðafrí.“

kristjana@frettabladid.is

7 ára ábyrgð á öllum nýjum Kia bílum.

www.kia.com

Mikill bíll – frábært verð

– Kia cee'd Sportswagon

Takmarkað magn

Tilboðsverð
3.690.777 kr.

Kia cee'd Sportswagon EX 1,6 bensín, beinskiptur 6 gíra, 135 hestöfl.

The Power to Surprise

Fengum takmarkað magn af ríkulega búnum Kia cee'd Sportswagon EX með öflugri bensínvél á sérstöku tilboðsverði.

Brostu!

SPARIDAGAR

eru byrjaðir

SAMSUNG SETRIÐ

ORMSSON

Það er at,
það er annríki
og það er gaman
á Ormsson lagernum
á SPARIDÖGUM
- allt í þína þágu.



Spari
dagar

TILBOÐ!
AFSLÆTTIR!
VERÐLÆKKUN!

0%
vextir
Vaxtalaugar
ráðgreiðslur
í tólf mánuði

3.5% áhugið

25%
AFSLÁTTUR
AEG

kaffivélar, brauðristar,
blandarar, töfrasprotar,
hraðsuðukönnur, straujárn,
espresso vélar o.m.fl.

22%
AFSLÁTTUR
AEG

Þvottatæki, kælikápar,
ofnar, helluborð, víftur,
gufugleypar, ryksugur
o.m.fl.

Allar vörur á SPARIDÖGUM frá

AEG SAMSUNG Tefal Pioneer

ZANUSSI Haier SHARP OLYMPUS Nintendo Verbatim brabantia

LW60260
Þvottavél
6 kg · 1200 sn/mín
~~135.900~~
TILBOÐSVERÐ
106.000

T76280AC
Þurrkari
8 kg · barkalaus/rakaskynjara
~~149.900~~
TILBOÐSVERÐ
116.900

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

22%
afsláttur

TILBOÐSVERÐ
Á
KÆLI- OG
FRYSTISKÁPUM

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

Tefal Jamie Oliver POTTAR&PÖNNUR
TÆR SNILLD!

20%
afsláttur

Úrval Samsung kæli- og frystiskápa á góðu verði.
Dæmi: 178 cm hárfvítur skápur = Kr. 136.900
á Sparidögum: **119.900**

Treystu Samsung til að framleiða afburða uppþvottavélar. Verð frá kr. 142.900
á Sparidögum: **119.900**

SAMSUNG

Tilvaldir fyrir kjötsúpuna og hangikjötið!
7, 10 og 14 lítra stál pottar á frábæru verði!

Allinox

15%
afsláttur

NIVONA
SÖNN KAFFIÁSTRÍÐA
Alsjálfvirkar kaffivélar frá NIVONA. Stilltu á hámarks gæði.

AEG ofnar og helluborð

22%
afsláttur

AEG

20%
afsláttur

Frábært úrval af ryksugum frá AEG
Þær gerast ekki betri!

ORMSSON

SAMSUNG SETRIÐ

SAMSUNG-SETRID ER HLUTI AF ORMSSON EHF.

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR · BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

Obama heimilar loftárásir á Íslamskt ríki:

Óljóst endatafl í Írak

Barack Obama Bandaríkjaforseti skipti um skoðun fyrir helgina og fyrirskipaði bandaríska flughernum að gera loftárásir á sveitir öfgasamtakanna Íslamsks ríkis, sem áður kallaði sig ISIS og hefur lagt undir sig stóran hluta Íraks.

Ástæðan þar að baki er ekki sízt þau grimmdarverk sem Íslamskt ríki hefur unnið undanfarnar vikur gagnvart minnihlutahópum í Írak; kristnum mönnum og Jasídum hefur verið slátrað miskunnarlaust ef þeir neita að snúast til íslams.

Hernaðaríhlutun Bandaríkjanna lítur því ekki lengur út eins og þau séu að blanda sér í innanlandsdeilurnar í Írak og styðja al Maliki forseta í því að berjast á sunnitum, sem Íslamskt ríki segist styðja.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Bandaríkin eru einfaldlega að koma í veg fyrir þjóðarmorð og greiða fyrir því að hægt sé að koma mannúðarastöð til þjóðarbrotanna sem liðsmenn Íslamsks ríkis höfðu króað af. Bretland, Frakkland og fleiri ríki hafa heitið að aðstoða Bandaríkin við að koma mat og öðrum nauðpurftum til fólksins.

Obama lítur því væntanlega svo á að hann hafi betra umboð til að beita hernaðaríhlutun nú en fyrr í sumar, bæði hjá almenningi í Bandaríkjunum og á alþjóðavettvangi.

Hitt er svo annað mál að það er engan veginn ljóst hvert endataflið í Írak ætti að vera. Bandaríkjamenn – og heimsbyggðin öll – hafa ríka hagsmuni af því að framrás hersveita Íslamsks ríkis verði stöðvuð og komið í veg fyrir að markmiðið, sem felst í nafni samtakanna, verði að veruleika; að stofnað verði alræðisríki öfgafullra íslamista í Mið-Austurlöndum. Til þess að það megi verða þarf hins vegar hernaðaríhlutun af þeirri stærðargráðu að það er afar vafasamt að Obama ráðist í hana. Hann var kosinn forseti á sínum tíma ekki sízt út á loforð um að draga Bandaríkin út úr stríðum sem ekki var hægt að vinna í Afganistan og Írak og hefur engan áhuga á að láta draga sig aftur inn í slík átök, með tilheyrandi mannfalli og kostnaði fyrir bandaríska skattgreiðendur.

Sömuleiðis er allsendis óljóst hvornig hægt er að knýja fram nýjan pólitískan sáttmála á milli þjóðarbrotanna í Írak um að deila með sér völdum á sanngjarnan og friðsamlegan hátt, en það er algjör forsenda þess að þetta brothætta ríki eigi sér yfirleitt einhverja framtíð. Drýstingur Bandaríkjamanna á Núrí al Maliki forsætisráðherra að mynda nýja ríkisstjórn hefur til þessa ekki borið tilætlaðan árangur.

Við stöndum því í raun enn og aftur frammi fyrir sama vandamálinu; rétt eins og í Súdan, Kongó, Sýrlandi og Palestínu – og það væri hægt að telja upp miklu fleiri lönd – er verið að drepa saklaust fólk í stórum stíl, reka hundruð þúsunda á flóttu og ógna friði og stöðugleika í heilum heimshluta. Viðbrögð alþjóðasamfélagsins eru hins vegar takmörkuð og máttlaus og ekki líkleg til að leysa deiluna til frambúðar eða tryggja hag fólksins, sem á um sárt að binda. Illu heilli hefur slíkum púðurtunnum í alþjóðamálum heldur fjölgað síðustu árin.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson
